

Fimmtudaginn 3. nóvember 1983.

Nr. 64/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Natan Þór Harðarsyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

og

Herði Gunnari Ingólfssyni

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærðu 29. nóvember 1982. Ágrip málskjala barst Hæstarétti 28. júní 1983.

Af hálfu ákærvalds er krafa gerð um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Ákærðu Natan Þór og Hörður Gunnar hafa skýrt svo frá fyrir lögreglu, að þeir hafi ásamt Ferdinand Ríkarði Ómarssyni keypt 60 gr af hassi í Rotterdam og 400 gr af Líbanonhassi í Amsterdam síðari hluta júlí 1981.

Ákærði Natan Þór skýrði svo frá við lögreglufirheyrslu, að hassið, sem þeir keyptu í Rotterdam hafi verið ónýtt, en segir þá hafa prófað Amsterdamhassið eftir kaupin og hafi það verið mjög gott. Ákærði Hörður Gunnar skýrði svo frá við lögreglufirheyrslu, að bæði hassið, sem þeir keyptu í Rotterdam og Amsterdam hafi verið svokallað Líbanonhass. Hvort tveggja hafi verið lélegt, en hið fyrrnefnda þó sínu lélegra. Ákærðu skýrðu svo frá, að þeir tveir hefðu sett hassið í pappakassa með ýmsu dóti, eins og lýst er í héraðsdómi, og síðan hafi ákærði Natan sent kassan í flugfragt (ekki í flugpósti, eins og segir í ákæru) frá Rotterdam til Reykjavíkur, merktan tilteknum manni í Reykjavík.

Ferdinand Ríkarð Ómarsson hefur skýrt svo frá við lögreglurannsókn, að hann hafi verið með ákærðu í Rotterdam og Amsterdam

í umrætt skipti. Kveður hann ákærðu hafa keypt 60 gr af brúnleitu hassi í Rotterdam og mun meira magn í Amsterdam. Það hass hafi verið brúnleitt í hvítum poka, en hann kveðst ekki gera sér neina grein fyrir nákvæmu efnismagni þess. Hann kveðst hafa vitað, að ákærðu ætluðu að senda hassið heim í pakka og kveðst hafa lagt þeim til stígvél til þökkunarinnar. Ferdinand Ríkarð og ákærðu eru sammála um, að svo hafi verið um talað, að ákærðu fengju í sinn hlut 200 gr hvor, en Ferdinand Ríkharrð 60 gr af hassinu, þegar það væri komið til Íslands.

Ákærðu hafa skýrt svo frá, að eftir að þeir komu til Íslands síðast í júlí, hafi þeir farið með leynd að næturlagi inn í vöruskemmu Iscargó á Reykjavíkurlflugvelli í því skyni að ná í hassið. Þá hafi þeir komist að því, að mestur hluti þess var horfinn úr pakkanum. Ákærði Natan Þór kveðst aðeins hafa fundið smáræði af ónýta hassinu, eða ca 14 gr. Ákærði Hörður Gunnar taldi, að 20 gr hefðu verið eftri. Þeir kváðust hafa skipt þessu til helminga milli sín. Kvaðst ákærði Hörður Gunnar hafa „tekið ca 5 gr af þessu efni og reynt að hreinsa og fá THC úr því,“ en kvaðst ekki hafa fengið meira en í eina pípu úr þessum 5. gr.

Ákærðu hafa staðfest framburði sína fyrir dómi.

Maður af nafni Finnbogi Kristinsson hefur greint frá því, að hann hafi komist að því, að ákærðu hafi sent hass frá Rotterdam til Reykjavíkur með Iscargoflugvél. Kveðst hann hafa farið inn í vöruskemmu Iscargó, fundið kassann, sem hassið var í, og tekið úr honum um 460 — 490 gr af hassi, er hann hafi síðan afhent nafngreindum manni.

Lögreglumenn fundu kassa þann, er um ræðir í máli þessu, í vöruskemmu Iscargó á Reykjavíkurlflugvelli 29. júlí. Hafði hann þá verið rifinn upp. Í honum fundust 2 gr af kannabisfræum að sögn lögreglu.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, og að öðru leyti með vísan til málavaxtalýsingar hérðsdóms þykir sannað, að efni það, sem ákærðu keyptu í Rotterdam og Amsterdam hafi verið hass. Sannað er, að þeir sendu hass þetta til Íslands með leynd og ætluðu að skipta því með sér, þannig að þeir fengju 200 gr hvor í sinn hlut. Hins vegar verður við það að miða, að þeir hafi aðeins fengið í sinn hlut 14 gr, er þeir skiptu með sér. Með verknaði þessum hafa

ákærðu gerst brotlegir við ákvæði þau, sem í ákæru greinir, en 9. gr. laga nr. 75/1982, sem eigi höfðu tekið gildi, þegar brot þetta var framið, á ekki við, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ákærði Natan Þór sætt eftirtöldum refsingum: Hinn 28. október 1982 gekkst hann undir að greiða 1.200.00 króna sekt fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 1. desember s. á. gekkst hann undir 3.000.00 króna sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga.

Fallið hefur niður úr sakavottorði ákærða Natans Þórs, eins og það er rakið í héraðsdómi, að hann var 7. nóvember 1980 dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. almennra hegningarlaga. Honum var veitt reynslulausn 15. janúar 1981 af eftirstöðvum refsinga samkvæmt dómum, uppkveðnum 1. ágúst 1979, 20. júní 1980 og 7. nóvember 1980. Átti hann eftir að afplána 150 daga fangelsi. Hann hefur rofið skilyrði reynslulausnar. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, ber nú að dæma ákærða Natan Þór refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem hann er nú sakfelldur fyrir og með hliðsjón af hinni óloknu refsivist, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Hörður Gunnar hlaut með dómssátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 17. desember 1982, eða eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms, 1.200.00 króna sekt fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Hann var með dómi 4. júní 1981 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið. Hinn 17. desember sama ár var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir nytjastuld og ölvun við akstur, og tók refsíákvörðunin einnig til brota þeirra, sem um er fjallað í fyrri dómnum 4. júní.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður þessum ákærða dæmd í einu lagi refsing fyrir brot það, sem hann er nú sakfelldur fyrir, og brot þau, sem hin skilorðsbundni dómur 12. desember 1981 tekur til. Refsingin verður með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu hvorn um sig til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000.00 krónur til hvors,

en óskipt allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Natan Þór Harðarson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Hörður Gunnar Ingólfsson sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Natan Þór greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 8.000.00 krónur.

Ákærði Hörður Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 8.000.00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 10.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 20. október 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 20. október, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fikniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 921/1982: Ákærvaldið gegn Natan Þór Harðarsyni og Herði Gunnari Ingólfssyni.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 11. mars 1982, á hendur Natan Þór Harðarsyni, fæddum 17. maí 1960, til heimilis að Kleppsvegi 70 hér í borg, og Herði Gunnari Ingólfssyni, fæddum 24. ágúst 1961, til heimilis að Álftamýri 16 hér í borg, fyrir eftirfarandi meint brot á fikniefnalöggjöfni:

„Að hafa eftir miðjan júlí 1981 sameiginlega keypt samtals 460 gr af hassi í Rotterdam og Amsterdam og 22. s. m. sent efnid hingað til lands í flugpósti frá Hollandi, en auk ákærðu töldust eignaraðilar að þessu hassi samferðamaður þeirra, Ferdinand Ríkhart Ómarsson, sem taldist eiga 60 gr, og Sigurður Jón Guðjónsson, sem lagði ákærða Natan Þór fé til kaupanna. Eftir komu til Reykjavíkur nokkrum dögum síðar fengu ákærðu í hendur einungis 14 — 20 gr efnisins, en það féll að öðru leyti í hendur annarra manna án atbeina ákærðu.“

Brot ákærðu er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Natan Þór hefur náð sakhæfisaldri og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- 1976 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 22/1 1976.
- 1976 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 3/8 1976.
- 1978 12/4 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga. Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1978 26/4 í Reykjavík: Dómur: Sakfellur fyrir brot á 244. og 155. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1978 25/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 1/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.
- 1979 5/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki dæmd sérstök refsing.
- 1980 20/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 7/11 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 150 dögum.

Ákærði Hörður Gunnar hefur náð sakhæfisaldri og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- 1980 9/12 í Reykjavík: Ávana- og fíkn., sátt, 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr., 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga.
- 1981 4/6 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1981 17/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 31/8 1981. Dómur frá 4/6 1981 dæmdur með.

MÁLSATVIK.

Ákærði Natan Þór Harðarson var yfirheyrður hjá lögreglu 13. ágúst 1981 og lýsti þá för sinni til Amsterdam í júlí 1981. Ákærði Natan kvaðst skömmu fyrir brottför flugvélar frá Keflavíkurflugvelli hafa hitt meðákærða, Hörð Gunnar Ingólfsson, og hafi sá einnig haldið í sömu ferð.

Ákærði Natan kom fyrir dóm sama dag og lýsti þá m. a. á sama veg og rakið hefur verið upphafi fararinnar. Ákærði Natan kvaðst hafa sent hingað til lands frá Rotterdam pakka, sem innihélt strigaskó, kúrekastígvél, húfu og kodda. Pakkinn var stílaður á nafn Magnúsar Karlssonar, Austurbergi 16, Reykjavík.

Ákærði Natan neitaði aðspurður, að nokkur fíkniefni hafi verið í umræddum pakka.

Ákærði Natan lýsti skilmerkilega háttsemi þeirri, er í ákæru getur, við lögreglu yfirheyrslu 15. ágúst 1981. Ákærði Natan kvaðst hafa hitt meðákærða Hörð einum eða tveimur dögum fyrir brottför og skýrt frá fyrirhugaðri Amsterdamför, sem hafi verið hugsuð sem skemmtiför jafnframt því sem meiningin var að kaupa í Hollandi hass. Ákærði Natan kvað þá báða ákærðu hafa ákveðið að halda saman til Amsterdam og þeir við brottför frá Keflavíkurflugvelli hitt Ferdinand Ríkhart Ómarsson. Ákærði Natan kvað þá þrjá félagar hafa haldið til Rotterdam á laugardeginum eftir komu til Hollands. Ákærði Natan kvað þá félagar hafa keypt 60 gr af hassi í Rotterdam. Verðið var 1.100 — 1.200 hollensk gyllini fyrir efnið, sem hann taldi hafa verið ónýtt. Ákærði Natan kvað þá þremmenninga síðan hafa haldið til Amsterdam og þar hafi þeir keypt alls 400 gr af Líbanonhassi fyrir 2.000 hollensk gyllini og hafi það efni verið mjög gott. Ákærði Natan kvað sig hafa átt af efninu 200 gr, ákærða Hörð 200 gr og Ferdinand Ríkhart 60 gr, og var efninu skipt eftir framlagshluta hvers og eins. Ákærði Natan kvað þá félagar hafa gengið frá hassinu í áður nefndum pakka, er sendur var hingað til lands á nafni Magnúsar Karlssonar. Hafi hassið verið geymt í sitt hvoru kúrekastígvélinu. Pakkann kvaðst ákærði Natan hafa póstlagt í Rotterdam, á meðan ákærði Hörður og samferðamaður þeirra, Ferdinand, biðu í Amsterdam. Ákærði Natan lýsti því, er hann hugðist nálgast áður nefnda sendingu í vöruskemmu Iscargó á Reykjavíkurflugvelli, en þá orðið þess áskynja, að búíð var að fjarlægja allt hassið nema 14 grömm af ónýta hassinu.

Ákærði Natan kom fyrir dóm 18. ágúst s. á. og staðfesti framburð þann, er að ofan er rakinn.

Ákærði Natan var í ofangreindu þinghaldi spurður um aðilja, er vissu um sendingu áður nefnds pakka hingað til lands og innihald hans. Ákærði nefndi þá Finnþoga Kristinsson, sem hafi vitað um pakkann og innihald hans og hver var skráður móttakandi. Upphafleg ætlan var sú að fá Finn-

boga til að nálgast pakkann í vöruskemmu Iscargó, enda Finnbogi þar kunnugur öllum hnútum.

Ákærði Hörður Gunnar hefur borið efnislega á sama veg og ákærði Natan. Má vísa til framburðar ákærða Harðar Gunnars hjá lögreglu 17. ágúst 1981.

Ákærði Hörður Gunnar bar fyrir dómi 10. desember 1981 um 460 gramma kaup sín og ákærða Natans Þórs og samferðamanns þeirra, Ferdinands Ómarssonar, í Hollandi. Ákærði Hörður kvað Finnboga Kristinsson hafa komist yfir efnin í vöruskemmu Iscargó á undan ákærðu og hafi Finnbogi síðan komið efnunum í hendur Arnar Sigfússonar.

Ferdinand Ríkhart Ómarsson hefur staðfest ofangreinda Hollandsför hjá lögreglu 4. september 1981. Ferdinand staðfesti framburð sinn fyrir dómi 4. september 1981.

Finnbogi Kristinsson var yfirheyrður hjá lögreglu 7. febrúar 1982 og lýsti þá för sinni í vöruskemmu Iscargó og tóku 460 til 490 gr af hassi, sem var eign ákærðu í máli þessu. Finnbogi kvaðst hafa afhent Erni Sigfússyni allt efnið. Finnbogi kvað Örn Sigfússon hafa sent af efninu til dagblaða auk ýmissa fleiri aðilja.

Örn Sigfússon var yfirheyrður fyrir dómi 27. febrúar 1982. Lýsti Örn þá kaupum á 450 — 460 gr af svokölluðu „fake“ eða falsefni af ákærða Herði. Örn kvaðst hafa sent ýmsum aðiljum af efni þessu, m. a. alþingismönnum. Örn kvað félagi ákærða Harðar hafa verið ákærða Natan og einnig Pétur Hugus. Þá hafi einn aðili verið til viðbótar. Sá hafi nálgast efnið og afhent sér það.

NIÐURSTÖÐUR.

Dóminum þykir sannað með framburði Finnboga, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, að Finnbogi Kristinsson hafi nálgast hassefni þau, er hér er ákært út af, á undan ákærða og síðan afhent efnið Erni Sigfússyni. Örn sendi efnið ýmsum aðiljum, svo sem rakið hefur verið. Hluti af því efni, er Örn sendi hinum ýmsu aðiljum, var sent til efnagreiningar á Rannsóknastofu í lyfjafræði. Í niðurlagi greinargerðar dr. Þorkels Jóhannessonar um efnið segir, að sýnið hafi verið kannabis.

Þykir samkvæmt ofanrituðu sannað, að efni það, er ákærðu keyptu í Hollandi í júlí 1981 og sendu hingað til lands, hafi verið kannabis í skilningi 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Verður því samkvæmt ofanrituðu af hafna því álitum verjanda, að ekki sé sannað brot á áður nefndri 6. gr. laga nr. 65/1974.

Dóminum þykir sannað með framburðum tveggja ákærðu, sem studdir eru af öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi í júlí 1981 keypt sameiginlega 460 grömm af hassi í Rotterdam og Amsterdam í Hollandi. Þann 22.

júlí s. á. sendu ákærðu efnið hingað til lands. Ákærðu áttu 200 gr af efninu hvor, en samferðamaður þeirra, Ferdinand Ríkharð Ómarsson átti 60 gr. Eftir komu efnisins til Reykjavíkur féll efnið að verulegu leyti í hlut annarra manna án atbeina ákærðu utan allt að 20 gr, er komu í hlut ákærðu sameiginlega.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar. Brot þeirra varðar við 2., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana-og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærði Hörður gekkst undir dómssátt 9. desember 1980 vegna fíkniefnabrots. Þá hlaut hann skilorðsbundinn dóm 17. desember 1981. Refsing ákærða Harðar verður m. a. ákvörðuð hér með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sammæltust um framningu brotsins, og verður það virt þeim til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls ofanritaðs og að gögnum málsins virtum þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin sem varðhald í 40 daga.

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 4 dagar, er ákærði Hörður sætti gæsluvarðhaldi, og 7 dagar, er ákærði Natan sætti gæsluvarðhaldi, hvort tveggja vegna máls þessa.

Með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, og með vísan til 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1982, og með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 75/1982, 9. gr., er ákærðu gert að greiða kr. 5.000.00 hvorum í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, þá komi 20 daga varðhald í sektar stað.

Ákærðu er gert með vísan til 141. gr. og 142. gr. laga nr. 74/1974 að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af er ákærða Herði gert að greiða skipuðum verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanni, kr. 3.000.00, og ákærða Natan er gert að greiða skipuðum verjanda, Gunnari Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, kr. 3.000.00. Þá er ákærða Natan gert að greiða kr. 2.000.00 vegna réttargæslu Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Natan Þór Harðarson, fæddur 17. maí 1960, nú til heimilis að Kleppsvegi 70, Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu komi 7 dagar, er ákærði Natan sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærði Hörður Gunnar Ingólfsson, fæddur 24. ágúst 1961, nú til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu komi 4 dagar, er ákærði Hörður sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærðu er hvorum um sig gert að greiða kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, þá komi 20 daga varðhald í sektar stað.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar af er ákærða Herði gert að greiða kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanna. Ákærði Natan greiði kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Ákærði Natan greiði einnig kr. 2.000.00 vegna réttargæslu Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Mánudaginn 7. nóvember 1983.

Nr. 59/1981. **Ragnar Kristinsson**
og Eimskipafélag Íslands h/f
 (Örn Clausen hrl.)
 gegn
Úlfari Guðmundssyni
og gagnsakir
 (Othar Örn Petersen hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.